

## **Aðalfundur Samtaka náttúrustofa (SNS) 2003, haldinn 28. mars á Grand Hótel í Reykjavík.**

### **Fundarmenn:**

Náttúrustofa Austurlands

Guðrún Á. Jónsdóttir forstöðumaður NA

Líneik Anna Sævarsdóttir formaður stjórnar NA

Náttúrustofa Suðurlands

Ingvar Atli Sigurðsson forstöðumaður NS

Náttúrustofa Vestfjarða

Þorleifur Eiríksson forstöðumaður

Sveinn Bernódusson formaður stjórnar NV

Böðvar Þórisson starfsmaður

Náttúrustofa Norðurlands vestra

Þorsteinn Sæmundsson forstöðumaður

Jóhann Svavarsson formaður stjórnar NNV

Náttúrustofa Vesturlands

Róbert A. Stefánsson forstöðumaður

Hilmar Hallvarðsson stjórnarmaður NSV

Menja von Schmalensee starfsmaður

Sigrún Bjarnadóttir starfsmaður

Náttúrustofa Reykjaness

Sveinn Kári Valdimarsson forstöðumaður

Sigrún Edda Eðvarðsdóttir formaður stjórnar NR

Linda Björk Hólm starfsmaður

### **Gestir**

Undirbúningsnefnd Náttúrustofu Norðurlands eystra

Friðfinnur Hermannsson

Þorkell Lindberg Þórarinsson

Náttúrufræðistofa Kópavogs

Finnur Ingimarsson

Haraldur Rafn Ingvason

## Aðalfundarstörf

### **Fundarstjóri og fundarsetning**

Fundinn setti Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða, og var hann samhljóða kosinn fundarstjóri.

Stungið var upp á Sigrúnu Bjarnadóttur (NSV) sem ritara fundarins og var það samþykkt samhljóða.

### **Skýrsla formanns**

Formaður SNS, Þorsteinn Sæmundsson (NNV), flutti skýrslu síðasta árs. Stendur þar hæst flutningur náttúrustofa frá ríki til sveitarfélaga. Hann talaði um að taka þurfi á því hvernig sveitarfélög eru komin meira inn í rekstur náttúrustofa. Á árinu ákvað stjórn SNS að taka saman hugmyndir um hvaða verkefni henta náttúrustofunum og hvað gera þurfi til að tryggja verkefnastöðu þeirra og rekstrargrundvöll. Til að vinna að því var skipuð nefnd þriggja forstöðumanna náttúrustofa, þeim Guðrúnu Á. Jónsdóttur, Róberti A. Stefánssyni og Þorsteini Sæmundssyni. Nefndin skilaði drögum að greinargerð til framkvæmdastjórnar SNS um miðjan júlí, sem síðan var kynnt fyrir rekstraraðilum náttúrustofa.

Þorsteinn lagði að lokum til að SNS vinni að því að leggja sameiginlega krafta í að ná bæði innlendu og erlendu fjármagni til sín.

### **Fjármál – reikningar lagðir fram**

Eini kostnaður síðasta árs var vegna ársfundar 2002.

Reikningar voru samþykktir samhljóða.

### **Breytingar á stofnskrá**

#### *Lög SNS*

Þorleifur (NV) lagði fram tillögur um breytingar á stofnskrá SNS og vildi m.a. kalla plaggið lög SNS í stað stofnskrár. Helstu breytingarnar vörðudu skipun stjórnar, að koma á vinnuhópum sem ynnu afmörkuð verkefni og um vinnuframlag hvernar náttúrustofu. Töluverðar umræður urðu um einstakar lagagreinar og undirliði þeirra en breytingarnar voru þó samþykktar eftir smávægilegar lagfæringar. Ný lög SNS eru fylgiskjal fundargerðarinnar.

Meðal þess sem rætt var í sambandi við lög SNS, var hvort stjórnarmenn náttúrustofa ættu að hafa atkvæðisrétt á aðalfundum SNS auk forstöðumanna. Þrjár hugmyndir komu upp á fundinum varðandi þetta:

- 1) Að hver náttúrustofa hafi tvö atkvæði á aðalfundi. Sú hugmynd var felld, þar sem talið var eðlilegra að stjórnir og forstöðumenn samræmdu stefnu sína áður en haldið væri til aðalfundar.
- 2) Stofnuð yrðu eigendasamtök innan SNS. Fundur taldi ekki að eigendur ættu að hafa sérstök samtök innan SNS, enda slík ákvörðun ekki í valdi fundarins að taka.
- 3) Að áréttað yrði í lögum að formenn stjórna hefðu seturétt á aðalfundum. Samþykkt var að áréttá í lögum að formenn eða stjórnarmenn náttúrustofa hafi seturétt á aðalfundum.

Menja (NSV) kom með þá athugasemd að skv. lögnum hefði starfsfólk ekki seturétt á aðalfundi. Í framhaldi af því kom fram tillaga um að forstöðumaður og fulltrúi stjórnar ættu seturétt á aðalfundi en forstöðumaður geti tekið með sér fulltrúa starfsfólks. Var sú tillaga samþykkt.

Samþykkt var á fundinum ályktun þess efnis að skipa þrjá vinnuhópa, skv. nýrri 4.gr. laganna. Hóparnir eru:

- a) Vinnuhópur um kynningarmál
- b) Vinnuhópur um innanlandsmál
- c) Vinnuhópur um utanlandsmál

## **Kosning í stjórn og önnur embætti**

### Stjórn

Tillaga fráfarandi stjórnar þess efnis að Ingvar Atli Sigurðsson, forstöðumaður NS, yrði formaður, Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður NSV, ritari og Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður NV, gjaldkeri var samþykkt.

### Vinnuhópar

#### *Kynningarnefnd*

Tillaga stjórnar um Böðvar Þórisson (NV), Menju von Schmalensee (NSV) og Lindu Björk Hólm (NR) í kynningarnefnd var samþykkt.

#### *Vinnuhópur um innanlandsmál*

Tillaga stjórnar um Guðrúnu Á. Jónsdóttir (NA) og Þorstein Sæmundsson (NNV) var samþykkt.

#### *Vinnuhópur um utanlandsmál*

Tillaga stjórnar um Svein Kára Valdimarsson (NR) og Ingvar Atla Sigurðsson (NS) samþykkt.

Fundur stakk upp á að fela vinnuhópum um innanlandsmál og utanlandsmál að finna sér þriðja mann í nefndina.

## **Önnur mál**

### **Tillögur að ályktunum fundar SNS 28. mars.**

#### **Tillaga frá Guðrúnu Á. Jónsdóttur (NA):**

*Beint til ríkis, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja:*

1)

Náttúrustofur eru alhliða rannsókn- og þjónustustofnanir á sviði náttúrufræða og umhverfismála. Náttúrustofurnar hafa í senn yfir að ráða fagþekkingu, staðarþekkingu og mikilvægum tengslum hver á sínu svæði.

Samtök náttúrustofa (SNS) benda á að í gegnum þau eða einstakar náttúrustofur má virkja net fagstofnana sem dekkja allt landið. Þannig geta náttúrustofur sinnt rannsóknum og vöktun af ýmsu tagi varðandi náttúru

og umhverfismál á hagkvæman og skilvirkan hátt. Einnig ýmis konar eftirlits og átaksverkefnum á sviði náttúrufræða og umhverfismála.

**Beint til sveitarfélaga og ríkis:**

2)

Samtök náttúrustofa (SNS) benda á þá atvinnusköpun sem þegar hefur orðið víðs vegar um landið vegna náttúrustofa. Með því að fá náttúrustofunum aukin verkefni, einkum föst verkefni, og að vinna að eflingu þeirra sem sjálfstæðra fagstofnana má tryggja að sú atvinnusköpun verði meiri og varanleg.

3)

Samtök náttúrustofa (SNS) benda á möguleika á tengingu náttúrustofa við símenntun og háskólasetur. Náttúrustofur hafa yfir að ráða starfsfólki með háskólamenntun í náttúrufræði þar af allmörgum með æðstu gráðu háskólamenntunar. Huga ætti að því að tengja betur Náttúrustofur sem fagstofnanir og símenntunar- og háskólasetur á landsbyggðinni til að nýta sérþekkingu starfsfólks.

**Tillaga um verkefni á vegum SNS frá Sveini Kára forstöðumanni Náttúrustofu Reykjaness.**

Grunnhugmyndin er sú að hver stofa búi til veggspjald þar sem ákveðin þáttur í náttúru landsins er kynntur. Þannig sjái Suðurland um eldfjöll og jarðhita, Austurland um gróður, NNV um landmótun jökla og vatna, Vestfirðir um hryggleysingja, Vesturland um spendýr og fugla og Reykjaness um fisk.

Veggspjöldunum verður síðan fundinn ákveðinn staður og hefur Flugstöð Leifs Eiríkssonar verið nefnd í því sambandi. Hugmyndin að baki því er sú að í gegnum flugstöðina fer fjöldi farþega án þess að sjá meira af landinu en það sem sést út um glugga stöðvarinnar. Vel unnin veggspjöld myndu gefa þessu fólki mun betri mynd af landinu og náttúru þess og vonandi ýta undir áhuga þess að skoða landið örlítið betur næst þegar það leið um.

Gert er ráð fyrir að stofnunar hafi engar tekjur af þessu verkefni enda fellur það vel undir skilgreind hlutverk stofanna og gera má ráð fyrir að rekstraraðilar stofanna njóti góðs af auknum ferðamannastraumi. Nauðsynlegt er hins vegar að vanda vel til verksins og kaupa til þess útlits- og textahönnuði og ef ekki finnast nógu góðar ljósmyndir hjá stofnunum þá verður að kaupa þær utanfrá. Varlega áætlað má ímynda sér að verkið kosti ekki undir einni milljón króna.

Reynt verður að fá Umhverfisráðuneytið til að kosta verkefnið (mögulega þarf að bíða til hausts eftir fjárlögum) og ef það gengur ekki má leita í sjóði til ferðamála auk ferðamálafyrirtækja.

Ef vel tekst til má búast við að aðilar í ferðaþjónustu muni kaupa aukaeintök af spjöldunum. T.d. vantar Ferðamálaráði og Flugleiðum alltaf spjöld á skrifstofur erlendis (Ársæll Harðarson markaðsstjóri ferðamálaráðs; pers. upplýsingar). Þær tekjur geta annaðhvort skipst upp á milli stofanna eða nýttst SNS beint. Auk þess má benda á að hægt verður að nota gögn af veggspjöldunum til að útbúa bæklinga.

NR mun að fengnu umboði frá aðalfundi leita leiða til fjármögnunar og í framhaldi af því ræða við forstöðumenn stofanna um nákvæmt hlutverk hvernar stofu.

Tillögur frá NA og NR ræddar og bornar upp til samþykktar í fundarlok.

Venjulegum aðalfundarstörfum lokið og fundarstjórn Þorleifs.

## Stefnumótun til framtíðar

### Fundarstjóri

Menja von Schmalensee (NSV) var kosin fundarstjóri og Sigrún Bjarnadóttir (NSV) áfram ritari fundarins.

### Kynning frá undirbúningsnefnd Náttúrustofu Norðurlands eystra

Fyrirhugað er að koma á fót 7. náttúrustofunni á Húsavík. Friðfinnur Hermannson í bæjarstjórn Húsavíkur sagði mikinn áhuga heima fyrir á þessu máli og binda heimamenn miklar væntingar til náttúrustofu og fræðaseturs á Húsavík.

Sjá þeir mikla möguleika og telja sig vera á spennandi svæði.

Þorkell Lindberg leggur til að náttúrustofan einbeiti sér að fuglavistfræði. Einnig sé hugmynd að leggja áherslu á hvali vegna tengingar við hvalamiðstöð.

Stefnt er á að starfsemi Náttúrustofu Norðurlands eystra hefjist í haust.

Þorleifur ber fram dagskráartillögu:

Ályktun: Stjórn er frjálst að skipa í vinnuhóp ef hún telur þörf á því.

### Framsaga talsmanns forstöðumanna

Guðrún Á. Jónsdóttir (NA) var talsmaður forstöðumanna. Hún setti fram tvær ályktanir:

a) Skipun stjórnar:

Leggja skal áherslu á að náttúrustofur séu ópólitískar stofnanir og skipa skal í stjórnir stofanna á faglegum grundvelli frekar en pólitískum

b) Sjálfstæði stofanna:

Til að stuðla að vexti og viðgangi stofanna ber að tryggja fjárhagslegt og faglegt sjálfstæði þeirra.

### Framsaga talsmanns stjórna náttúrustofa

Líneik Anna Sævarsdóttir, formaður stjórnar NA.

Stjórnarmenn náttúrustofa telja mikilvægt að komast að niðurstöðu um hver sé stjórnarsýsluleg staða stjórna náttúrustofanna eftir að eignahlutur náttúrustofa var fluttur frá ríki til sveitarfélaga. Stjórnarmenn telja einnig að stefnumótunin ætti að vera sú að selja hugmyndir og ákveðin verkefni því ólíklegt væri að rekstrarframlög hækki þó að fleiri sveitarfélög komi inn í reksturinn. Staðardagskrárverkefni hljóti líka að vera vaxandi hjá sveitarfélögum. Telja stjórnir að stefnumótun til framtíðar hjá náttúrustofum sé að mynda tengsl við umhverfisráðuneytið og samtök sveitarfélaga.

### Framsaga talsmanns starfsmanna og gesta

Menja von Schmalensee, starfsmaður NSV.

Starfsmenn náttúrustofa og gestir fundarins ræddu kosti samvinnu náttúrustofa og samtaka þeirra. Samtökin geti myndað þjónustunet og verið í tengslum í fræðilegum

skilningi. Einnig voru ræddir kostir þess að náttúrustofur kaupi sérþekkingu hver af annarri. Rætt var einnig um mikilvægi þess að hafa marga starfsmenn því nýting vinnuaflsins verði betri eftir því sem starfsmenn verða fleiri.

### **Umræður og ályktanir**

Umræða skapaðist um boðskiptaleiðir milli bæjarstjórna, stjórnar náttúrustofu og forstöðumanna. Ályktun um réttu boðskiptaleiðina:  
Forstöðumaður og stjórn náttúrustofu mótar stefnu og stjórnar verkefnavali hennar.

Ályktanir sem stjórn SNS lagði fyrir fundinn (sjá framar í fundargerð) voru samþykktar.

Ályktun varðandi vinnuhópa var lögð fyrir fundinn og samþykkt:  
Stjórn er frjálst að skipa samstarfsaðila í vinnuhópa SNS þygi það auka möguleika á árangri vinnuhópa.

Tillögu Sveins Kára frá NR (sjá framar í fundargerð) vísaði fundur til stjórnar, sem kæmi henni eftir réttum boðleiðum til einstakra náttúrustofa.

Ályktanir forstöðumanna um skipun stjórnar og sjálfstæði stjórna voru ræddar á fundinum.  
Fundur beinir því til innanlandsvinnuhóps að taka saman lista yfir verkefni sem sá vinnuhópur á að gera.

Tillaga þess efnis að SNS búi til heimasíðu var borin upp og hún samþykkt.  
NSV lýsti sig tilbúna til að taka heimasíðugerðina að sér.

Fundur samþykkti að stjórn SNS komi fram með tillögur að verkefnum fyrir erlenda vinnuhópin eða að erlendi vinnuhópurinn komi með hugmyndir að verkefni og leggji fram fyrir stjórn SNS

Fundi slitið.

Virðingarfyllst,

Sigrún Bjarnadóttir (NSV), fundarritari.